

Mánudagur, 1. júlí 2002

185. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 24/2002

**Krafa Internets á Íslandi hf. – ISNIC um endurskoðun ákvörðunar
samkeppnisráðs nr. 18/2002**

**I.
Erindið**

Þann 24. maí 2002 tók samkeppnisráð ákvörðun í máli nr. 18/2002, *Erindi INTER vegna gjaldskrárbreytinga Internets á Íslandi hf. - ISNIC vegna greiðslna fyrir lén og aðra þjónustu*. Í málinu komst ráðið að þeirri niðurstöðu að flutningsgjald sem Internet á Íslandi hf. – ISNIC (hér eftir ISNIC) hafði tekið upp í desember árið 2000 færi gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000. Með heimild í 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga beindi samkeppnisráð þeim fyrirmælum til ISNIC að fella úr gildi flutningsgjald samkvæmt gjaldskrá fyrirtækisins. Í forsendum ákvörðunarinnar sagði að ákvörðunin kynni að vera tekin til endurskoðunar ef ISNIC gæti látið Samkeppnisstofnun í té upplýsingar sem bentu til að ákvörðun fjárhæðar flutningsgjalds sé miðuð við sannanlegt kostnaðarverð auk hæfilegrar álagningar.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 29. maí 2002, frá ISNIC þar sem farið er fram á að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2002 verði endurskoðuð með hliðsjón af upplýsingum sem komu fram í erindi ISNIC. Í erindinu segir að ISNIC hafi í svörum sínum til Samkeppnisstofnunar gert grein fyrir þeirri vinnu sem fer fram við flutning léna. Þá segir að í ákvörðun samkeppnisráðs telji ráðið að í svörum ISNIC hafi skort kostnaðarsundurliðun eða kostnaðarlegan rökstuðning. Afleiðing þess hafi verið sú að ISNIC var látið bera hallann af því að það tókst ekki, að mati samkeppnisráðs, að færa sönnur á þann kostnað sem fyrirtækið ber vegna flutnings léna.

Í erindinu er gerð grein fyrir vinnuframlagi við flutning á lénum sem flutt voru á tímabilinu 15. apríl 2002 til 14. maí 2002.

Jafnframt segir í erindi ISNIC að á vegum fyrirtækisins fari fram sérfræðivinna vegna þjónustu við tölvubúnað. Þeir starfsmenn ISNIC sem sjái um skráningu og DNS¹ uppfærslu búi allir yfir sérfræðiþekkingu og áratugareynslu af DNS kerfinu. Einnig

¹ Domain Name System, dreifður gagnagrunnur lénaskráninga í heiminum. ISNIC annast skráningu þeirra léna sem enda á .is í gagnagrunninn.

segir ISNIC að fyrirtækið sé ekki með verðskrá miðað við seldu tíma heldur séu gjaldaliðar miðaðir við meðaltalskostnað við ákveðin verk. ISNIC þyki því eðlilegt að miða við verðskrá fyrirtækis innan tölvugeirans sem sinni sambærilegri þjónustu og ISNIC. Samkvæmt verðskrá viðmiðunargjaldskránnar² sé gjald fyrir sérfræði- og ráðgjafþjónustu í dagvinnu frá 7.900 kr. til 12.000 kr. og í yfirvinnu frá 10.270 kr. til 15.600 kr. Þá segir að skráning og könnun á upplýsingum krefjist sérfræðiþekkingar á DNS. Hægt sé að miða við lægsta tímagjaldið 7.900 kr. til samanburðar. Jafnframt segir að tæknileg uppfærsla á DNS vegna flutnings sé út frá tæknilegu sjónarmiði ein flóknasta og hættulegasta aðgerð sem framkæmd sé á lénum. Því þyki ISNIC eðlilegt að sú vinna sé metin samkvæmt hæsta tímagjaldi 12.000 kr. Að minnsta kosti 10% þessarar vinnu fari fram utan venjulegs vinnutíma að sögn ISNIC. ISNIC miðar við hæsta tímagjaldið 15.600 kr. varðandi yfirvinnu starfsmanna fyrirtækisins við flutning á léni. Þá bendir ISNIC á það að verð skv. viðmiðunargjaldskránni sé án virðisaukaskatts. Með hliðsjón af þessum samanburði segir ISNIC beinan kostnað fyrirtækisins vegna vinnu starfsmanna við flutning léna á tímabilinu 15. apríl til 14. maí 2002 hafa verið 533.330 kr. hjá fyrirtækinu sé miðað við viðmiðunargjaldskrána. Hins vegar hafi heildargjaldtaka án vsk. fyrir sömu tímabil verið 519.991 kr. hjá fyrirtækinu. Loks segir ISNIC að niðurstaðan sé sú að heildargjaldtaka fyrirtækisins sé lægri en kostnaður af samsvarandi vinnu annarra tölvufyrirtækja.

2.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar þann 6. júní 2002 var INTER, félagi endursöluaðila Internetþjónustu, tilkynnt að erindi hefði borist frá ISNIC þar sem krafist væri að samkeppnisráð endurskoðaði ákvörðun ráðsins nr. 18/2002 í ljósi ítarlegri upplýsinga en áður höfðu verið látnar í té til samkeppnisyfirvalda.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 1. júlí 2002, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Ragnheiður Bragadóttir og Tryggvi Axelsson.

1.

ISNIC fer fram á það í erindinu sínu að samkeppnisráð endurskoði ákvörðun ráðsins nr. 18/2002, *Erindi INTER vegna gjaldskrárbreytinga Internets á Íslandi hf. - ISNIC vegna greiðslna fyrir lén og aðra þjónustu*. Krafa ISNIC byggist á því að í ákvörðun nr. 18/2002 hafi samkeppnisráð gefið í skyn að ákvörðunin kynni að vera endurskoðuð ef ISNIC gæti látið Samkeppnisstofnun í té upplýsingar sem bentu til að ákvörðun fjárhæðar flutningsgjalds sé miðuð við sannanlegt kostnaðarverð auk

²Í erindi ISNIC var gjaldskrá Opinna kerfa hf. höfð til viðmiðunar, sjá heimasíðu <http://www.hp.is/thjonusta/verdskra.asp>

hæfilegrar álagningar. Áður en ákvörðun samkeppnisráðs var tekin hafði Samkeppnisstofnun ítrekað en árangurslaust óskað eftir því við ISNIC að fyrirtækið gerði grein fyrir þeim kostnaði sem liggur til grundvallar flutningsgjaldinu.

2.

Á sumum sviðum stjórnsýslunnar eru stjórnvöld almennt talin hafa nokkuð víðtæka heimild til að endurupptaka mál ef aðilar máls fara fram á það.³ Í 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er mælt fyrir um rétt aðila máls til þess að fá stjórnvaldsákvörðun tekna til meðferðar á ný. Aðili máls getur átt rétt á endurupptöku máls í fleiri tilvikum en 24. gr. stjórnsýslulaga mælir fyrir um, ýmist á grundvelli lögfesta reglna eða óskráðra. Ákvæðum 24. gr. stjórnsýslulaga er ekki ætlað að þrengja rétt aðila til þess að fá mál endurupptekið, frá því sem verið hefur, heldur festa hann í sessi um ákveðin atriði.⁴ Krafa um endurupptöku kemur frá ISNIC sem klárlega var aðili að því máli sem fjallað var um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2002.

Í forsendum ákvörðunarinnar sagði:

„Samkeppnisstofnun hefur ítrekað óskað eftir því að ISNIC geri grein fyrir þeim kostnaði sem liggur til grundvallar flutningsgjaldinu. ISNIC hefur svarað með almennum orðum þess efnis að gjaldið standi undir kostnaði við þær aðgerðir sem framkvæma þurfi hverju sinni. Þá hafa ýmsar tæknilegar aðgerðir við flutning léna verið tilgreindar. Kostnaðarsundurliðun við flutninginn eða kostnaðarlegur rökstuðningur hefur ekki borist frá ISNIC að öðru leyti. Með því að ISNIC hefur ekki getað fært eða reynt að færa sönnur á þann kostnað sem liggur til grundvallar flutningsgjaldinu, sem eins og áður segir er til þess fallið að draga úr samkeppni, verður samkeppnisráð að líta svo á að með gjaldinu krefjist fyrirtækið ósanngjarns söluverðs í skilningi a. liðar 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000. Af þessari ástæðu sér samkeppnisráð ekki annað fært en að banna ISNIC að taka gjald fyrir flutning léna frá einum vistunaraðila til annars. Ákvörðun þessi kann að vera tekin til endurskoðunar ef ISNIC getur látið Samkeppnisstofnun í té upplýsingar sem benda til að ákvörðun fjárhæðar flutningsgjalds sé miðuð við sannanlegt kostnaðarverð auk hæfilegrar álagningar.“

Í erindi ISNIC um endurupptöku ákvörðunarinnar gerir fyrirtækið nú grein fyrir þeim kostnaði sem liggur til grundvallar flutningsgjaldinu. ISNIC segir að [...] ⁵ mínútum hafi að meðaltali verið varið við flutning hvers léns. Á tímabilinu 15. apríl til 14. maí

³ Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin, 1994, bls. 243.

⁴ Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin, 1994, bls. 243.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

hafi [...] ⁶ lén verið flutt milli vistunaraðila. Alls hafi verið varið [...] ⁷ tímum í skráningardeild og [...] ⁸ tíma í tæknideild við flutning á lénum á fyrrgeindu tímabili. Um [...] ⁹% af tíma tæknimanna var utan venjulegs vinnutíma að sögn ISNIC. Þá segir í erindinu að á vegum ISNIC fari fram sérfræðivinna vegna þjónustu við tölvuhugbúnað.

Samkvæmt upplýsingum sem samkeppnisráð aflaði sér þá getur það tekið allt að þrjá sólarhringa að flytja lén á milli vistunaraðila þó það sé undantekning. Þá er ekki ósennilegt að það taki um [...] ¹⁰ mínútur að flytja lén milli vistunaraðila gangi allt að óskum. Að mati samkeppnisráðs er eðilegt að þjónustufyrirtæki eins og ISNIC miði við meðalkostnaðarverð við ákveðin verk í staðinn fyrir að vera með verðskrá miðaða við selda tíma.

Að mati samkeppnisráðs er flutningsgjald skv. gjaldskrá ISNIC í eðli sínu til þess fallið að vera samkeppnishamlandi. Gjaldið getur haft þau áhrif að hamla samkeppni á milli Internetþjónustuaðila. Nú þegar fyrir liggja með skýrum hætti þeir kostnaðarþættir sem ISNIC leggur til grundvallar gjaldaliðnum liggur beinast við að meta hvort umrætt gjald sé sanngjarnt í skilningi samkeppnislaga með tilliti til þess kostnaðar sem því er ætlað að standa undir. Samkvæmt ársreikningi ISNIC fyrir árið 2001 var tap á rekstri fyrirtækisins. Í erindi ISNIC er kostnaðarsundurliðun og vinnulýsing sem hafa verður hliðsjón af. Sé einnig höfð hliðsjón af því að sérfræðingar vinna þá vinnu sem krafist er við flutning léna og þeim tíma sem það tekur að meðaltali að framkvæma flutning fellst samkeppnisráð á það að flutningsgjald skv. gjaldskrá ISNIC sé ekki ósanngjarnt gjald í skilningi 11. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð fellir úr gildi ákvörðun ráðsins í máli nr. 18/2002, *Erindi INTER vegna gjaldskrárbreytinga Internets á Íslandi hf. - ISNIC vegna greiðslna fyrir lén og aðra þjónustu.*“

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.